

Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Vinsamlegast ekki byggja of þétt eða hátt. Hafa nóg pláss meðfram sjónum fyrir almenning. Bæta við grænum svæðum og leiksvæðum. Gefa útivistarstígum meðfram sjónum nægilegt andrými fyrir fólk til að njóta nærveru við náttúru og dýralíf. Samgönguhjólástígar eru mikilvægir fyrir greiðari samgöngur en það þarf að varast að slíkir stígar séu nálægt svæðum þar sem börn eru að leik eða fólk með hunda í bandi í göngutúr. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að aukin umferð rafknúinna faratækja fer um slíka samgönguhjólástíga, faratæki oft á óheyrulega miklum hraða sem skapar hættu ef þessi umferð er ekki nægjanlega vel aðskilin göngustígum og útivistarsvæðum. Samgönguhjólástígar eru hugsaðir fyrir fólk á hraðferð og eiga ekkert skylt með útivistarstígum. Samgönguhjólástígar eru umferðargötur og það má ekki fara á milli mála fyrir börnin okkar að það þarf að vara sig á þeim eins og umferðargötum með bílaumferð. Þess vegna er góður aðskilnaður nauðsynlegt öryggismál einkum í nálægð við leiksvæði og útivistarsvæði.

Höfundur: Arnar Þór Emilsson/arnar.ate@gmail.com

Sent inn þann: 21.02.2025, **Fyrir hönd:**